

Málað og skreytt
Nanna H. Eggertsdóttir.



Grasker – dúskagerð




Skemmtilegt skraut á Hrekkjavöku

Efni og áhöld:

Pappaspjald, appelsínugult garn, penni, skæri, græn ullarkemba eða annað fyrir stilk, fljótandi lím.



1. Teiknið tvo hringi á pappaspjaldið og aðra tvo minni í miðjuna. Klippið hringina út með gati í miðju.



2. Leggið hringina saman og vefjið garninu þétt í gegnum hringinn. Klippið garnið meðfram brún. Losið úr pappanum og bindið í miðju.



3. Stilkur: takið lítinn bít af grænni ullarkembu og þæfið létt saman milli fingra með volgu vatni. Hér má nota eitthvað annað. Setið límdropa á dúskinn og festið stilk á. Mótið dúskinn með skærum í graskersform. Hægt er að klippa augu, nef og munn út úr svörtum pappa og líma á.

